

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

**g**

GÚTTÓ ehf  
Silfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

## Getur bara eignast stúlkur

Hörður Andri Steingrímsson ljóðskáld í Súðavík heitir í höfuðið á afa sínum sem eignaðist eingöngu dætur. Amma hans sagði að hann myndi verða eins og afi sinn að þessu leyti. Ekki lagði Hörður trúnað á það, en amma hans hafði lög að mæla. Núna eru dæturnar orðanr sex talsins. Hörður er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 8-10.

**B3**

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 2. október 2014 · 39. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Útskipun við Sundahöfn

HÁGÆÐA  
VERKFÆRI FRÁ

**KRAFTWERK**

**SMÍÐJAN**

VERSLUN SINDRAGÖTU 12  
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18  
Opíð laugardaga 10-14  
Sími: 456-1300

**BÁTUR DAGSINS**

Aðeins **549kr**

Hver er bátur dagsins?

**SUBWAY**  
Fersklei er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á **eBOX.IS**

**eBOX**  
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA  
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngeirðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | [www.ebox.is](http://www.ebox.is)

**EIMSKIP**  
eBOX





Tónlistarskóli Ísafjarðar.

## Yfirtekur bærinn tónlistarskólann?

Þrír fulltrúar Tónlistarskóla Ísafjarðar hafa lagt fyrir bæjarráð tillögu þess efnis að kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir því að sveitarfélagið yfirtaki rekstur skólans. Í tillögunni sem undirrituð er af þeim Jóni Páli Hreinsyni, Ingunni Ósk Sturludóttur og Sigríði Ragnarsdóttur, segir að venjan sé að sveitarfélög reki tónlistarskóla á landsbyggðinni. Í Reykjavík séu þeir hins vegar oftast sjálfseignarstofnanir og

samskiptin milli borgarinnar og skóla séu misgóð.

Þau benda jafnframt á að sífellt meiri áhersla sé lögð á skapandi greinar í skólastarfi og því felist miklir möguleikar í því að fella menningarstefnu þeirra að skólum Ísafjarðarbæjar. Þau Jón Páll, Ingunn og Sigríður vilja líka gera sitt til að efla skapandi greinar og stuðla að samstarfi skóla á svæðinu. Að öðru leyti kemur ekki fram í tillögunni hvers vegna

þau óska eftir að Ísafjarðarbær taki yfir Tónlistarskólann nema að það sé til þess að koma til móts við nýja menntastefnu.

Ísafjarðarbær hefur um árabil greitt laun kennara við skólann en Tónlistarfélag Ísafjarðar hefur séð um rekstur húsnæðisins. Mun sárekstur vera félaginu um megn. Óskinn um yfirtöku er því tæknilegs eðlis frekar en að um einhverja byltingu sé að ræða, að sögn Jóns Páls Hreinssonar, for-

manns Tónlistarfélags Ísafjarðar. „Á flestum stöðum reka sveitarfélögin tónlistarskólanna og okkur langar að velta upp þessum umræðugrundvelli og taka upp samræður sem er bæði gott og hollt. Tónlistarfélag Ísafjarðar hefur rekið Tónlistarskólann í ákaflega langan tíma og það er löng saga þarna á baki við.“ Jón Páll segir að ef Ísafjarðarbær taki yfir skólann yrði breytingin meira tilfinningaleg heldur en hitt.

## Ferlið var gegnsætt

Allar ákvarðanir varðandi kaup Bolungarvíkurkaupstaðar á þremur íbúðum af Byggingafélagi eldri borgara ehf., í Aðalstræti 22 voru vel ígrundaðar, vel kynntar og gegnsæar. Þetta segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, í greinargerð um kaup bæjarins á íbúðunum. Greinargerðin var lögð fram í bæjarráði Bolungarvíkur í síðustu viku. Soffía Vagnsdóttir, bæjarfulltrúi Máttar meyja og manna, óskaði eftir greinargerðinni. Hún sagði í samtali við bb.is að allt ferlið í kringum kaupin hafi verið mjög óljóst. Því er Elías ósammála.

Hann segir að bæjarfulltrúar hafi verið með í ráðum í gegnum allt ferlið og bæjarstjórn mátti vera ljóst frá því haustið 2012, þegar samningur um hjúkrunarheimili var undirrituður, að líklega þyrfti að kaupa íbúðir í Aðalstræti 20. Þá hefðu kaupin tvisvar komið við sögu við gerð fjárhagsáætlunar og í fjárhagsáætlun 2014 var gert ráð fyrir 70 milljónum til kaupa á íbúðunum og síðar fékkst viðauki upp á 2 milljónir króna. Í febrúar 2014 var kaupsamningur undirritaður og kaupverðið á íbúðunum var 72 milljónir króna.

Í greinargerðinni kemur fram að kaup bæjarins á íbúðunum séu nátengd því þegar ákveðið var að breyta 1. hæð íbúða aldraðra, svokölluðu Hvítahúsi við Aðalstræti 22, í hjúkrunarheimili. Sjö íbúðir voru á 1. hæðinni. Bæjarráð fól Elíasi í maí í fyrra að ræða við íbúana á 1. hæðinni um lausn á búsetumálum þeirra. Í greinargerðinni segir Elías að þrír aðilar kusu að flytjast á 2. hæð Hvíta hússins en þrír kusu að flytjast yfir í nýjar íbúðir í Aðalstræti 20 þrátt fyrir að leigan þar sé talsvert hærri en í Hvíta húsinu. Elías segir kaupverð hverrar íbúðar hafi verið 24 milljónir króna. Hann segir fráleitt að tala um annað en markaðsverð og verðið sem bærinn greiddi sé sambærilegt við það sem aðrir íbúar í húsinu hafa greitt fyrir íbúðir. Samkvæmt ársreikningi Byggingarfélags eldri borgara ehf. fyrir árið 2013 er félagið í eigu Valdimars Lúðvíks Gíslasonar. Sjálfur fer Valdimar Lúðvík með 83,33% hlut og félagið á í sjálfur sér 16,67% hlut. Í bókun Soffíu í bæjarráði og samtali við bb.is sagði hún að Veralýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur og erfingjar Guðmundar Páls Einarssonar ættu félagið ásamt Valdimar Lúðvík.

– bb@bb.is

– smari@bb.is



## Dæmdur fyrir að rassskella lögreglukonu

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt 31 árs gamlan mann í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir árás á lögreglukonu. Maðurinn nálgadist konuna aftan frá og sló í rass hennar þar sem hún var við störf í miðbæ Ísafjarðar, aðfaranótt sunnudagsins 2. febrúar sl. Lögreglukonan hafi þá snúið sér við og tekið

í höndina á manninum og spurt hvað honum gengi til. Þá hafi maðurinn orðið æstari og reynt að losa sig og tekist það með því að slá höndum til konunnar. Við þetta gaf hann konunni olnbogaskot svo blæddi úr andliti hennar. Þá hljóp hann á brott, en skýrsluritari náði honum og handtók. Lögreglukonan hlaut

skurð við hægri augabrún.

Maðurinn neitaði sök. Hann játaði þó að hafa slegið í rass lögreglukonunnar en sagði að það hefði verið létt högg og honum hafi þótt það fyndið. Þá sagðist hann ekki hafa orðið var við að konan hefði fengið högg í andlit ið þegar hann losaði sig frá henni. Framburður mannsins fyrir dómi

var á annan veg en hjá lögreglu, en þá mundi hann ekki eftir þessum atvikum. Hann gaf þá skýringu á breyttum framburði að atvik hafi rifjast upp fyrir honum.

Dómari mat framburð mannsins ótrúverðugan. Sekt mannsins þótti sönnuð með framburði vitna.

## Sakarkostnaðurinn reyndist 130 krónur

Tvítugur maður hefur í Héraðsdómi Vestfjarða verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás, jafnframt því sem hann var sakfelldur fyrir fíkniefnalagabrot, tollalagabrot og vopnalagabrot. Upptækt

var gert til ríkissjóðs 0,21 g af tóbaksblönduðu kannabiseftni, 0,80 g af maríhuana, 10 ml af anabólískum sterum, haglaskot, blýskot, plastskot, loftskammbyssa, tvær pípur og myljari.

„Samkvæmt yfirliti lögreglu er

sakarkostnaður 130 krónur og er hann til kominn vegna greiðslu póstburðargjalds fyrir bréf sem lögregla sendi brotapolu,“ segir í dómnum. „Kostnaður þessi fellur utan þess sem talið hefur verið til sakarkostnaðar samkvæmt 1.

mgr. 216. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 sem óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar sakamáls. Verður ákærð því ekki gert að greiða þennan kostnað.“





# STYTTRI FERÐALÖG LENGRI FAÐMLÖG

Biðin virkar endalaus ef faðmlagið þitt er lengi á leiðinni.  
Við hjá Flugfélagi Íslands mælum með því að stytta  
ferðalagið og lengja faðmlagið. **Taktu flugið.**

[flugfelag.is](http://flugfelag.is)



FLUGFÉLAG ÍSLANDS





**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is  
**Ábyrgðarmaður:** Sigurjón J. Sigurðsson.  
**Blaðamenn:** Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is  
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

**Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is.**  
**Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum**  
**fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.**

## Ritstjórnargrein

# Snúum bókum saman í mjólkurmálinu

Leiðarahöfundur Fréttablaðsins, 27. sept., bregst skemmtilega við viðbrögðum formanns atvinnuveganefndar Alþingis við stjórnvaldssekt á hendur Mjólkursamsölunni (MS) upp á 370 milljónir króna vegna misnotkunar á markaðsstöðu. Sem kunnugt er nýtur MS undanþágu frá samkeppnislögum, nokkuð sem tók Alþingi tvær vikur, fyrir 10 árum, að færa fyrirtækinu á silfurfati. Formaður atvinnuveganefndarinnar segir það ákveðið ábyrgðarleysi að afnema forréttindin, ein og sér: „Við þurfum að skoða heildarmyndina“, segir hann. Þetta lesist, segir leiðarahöfundur Fréttablaðsins um afstöðu formannsins: „Við verðum að svæfa málið hið fyrsta.“ Sem sagt, það er flókið mál og vandamt að afnema forréttindin, fríðindin frá samkeppnislögunum, sem tók ekki nema tvær vikur að lögfesta.

Á þessum síðustu ólögum í sögu MS er ekki úr vegi að rifja upp í örstuttu máli framgöngu þeirra í mjólkurstöðvamálinu á Ísafirði, sem var öll á einn veg, ósannindavald. Í júní 2011 var þökkun mjólkur á Ísafirði hætt og stöðinni lokað, samhliða var boðað að ákvörðun um framhald, nýtingu húsnæðisins, yrði tekin á haustdögum: „Það er fullvíst að MS ætlar ekki að leggja af starfsemi á Ísafirði og við gerum ekki ráð fyrir að það verði breytingar á starfsmannahaldi frá því sem nú er.“ (Einar Sigurðsson, forstjóri MS á bb.is. 1. sept. 2011) „Við erum með nokkra kosti á borðinu og munum gefa okkur einhverja daga eða vikur til að rýna í það.“

Þar sem áhuga- og afskiptaleysi MS varð strax ljóst, ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið síðla árs 2011 að stofna óformlegan starfshóp um málefni mjólkurbúsins á Ísafirði. Meðal þeirra er þar áttu sæti voru Björn Birkisson, bóndi á Botni í Súgandafirði og Eiríkur Finnur Greipsson, (pá) bæjarfulltrúi á Ísafirði. Þeir báru MS ekki söguna vel. „Framkoman er með ólíkindum. Við fáum engin svör“, sagði Eiríkur. „Þetta er eins og að tala upp í vindinn“, sagði Björn. Beiðni um svör við hver væri ávinningurinn af lokun stöðvarinnar á Ísafirði var svarað með því að það væru „stjórnendaupplýsingar“. Á mannamáli: Ykkur kemur þetta ekkert við! Þannig er sagan öll á einn veg.

Hvort sérrettindi MS verða afnumin er í höndum alþingismanna. Engu skal þar um spáð. Það sýnir sig er á reynir. Framgöngu Mjólkursamsölnnar gagnvart Vestfirðingum verður að mæta með einu ásættanlegu leiðinni, sem í boði er: Öflugum stuðningi við mjólkurvinnsluna Örnú í Bolungarvík. Um það fyrirtæki verður að skera upp herör meðal Vestfirðinga, til viðskiptalegs stuðnings, burt séð frá því í hvaða pósthöfðunum þeir eiga náttstað.

— s.h.

## Spurning vikunnar

**Ert þú komin(n) í vandræði með að standa við fjárhagslegar skuldbindingar þínar?**

Alls svöruðu 451.

Já sögðu 187 eða 41%

Nei sögðu 264 eða 59%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

# Skærðing á örorkuframlagi mjög alvarlegt mál

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir því að hlutdeild almennra lífeyrissjóða í tekjum af almennu tryggingagjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða verði lækkuð um 20%. Hlutdeild lífeyrissjóðanna er nú 0,325% af tryggingagjaldinu en áætlað er að hlutdeildin muni áfram lækka um 20% næstu fimm árin þar til hlutdeild þeirra hefur fjarað út árið 2019. Guðrún K. Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga segir þessar tillögur vera gríðarlega alvarlegt mál. Hún segir að þar sem málið sé nýkomið fram sé erfitt að segja nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur á sjóðinn.

„En við erum að missa tekjur

og það er alltaf slæmt og þetta bitnar mest á þeim sjóðum sem eru að borga mikið í örorkulífeyri og Lífeyrissjóður Vestfirðinga er að borga mikinn örorkulífeyri“, segir Guðrún. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða, segir í fréttaskýringu Morgunblaðsins, að örorkuframlagið hafi verið hluti af kjarasamningum og ætlað til að jafna mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna. „Þeir sjóðir sem eru með hlutfallslega háa örorkubyrði munu mest finna fyrir því ef hlutur ríkisins lækkar og þurfa að líkindum að skerða réttindi ef þetta gengur eftir“, segir Þórey.

Í fréttaskýringunni er talað við Guðmund Gunnarsson, varaformann stjórnar Lífeyrissjóðsins

Stafa. Hann segir að nýja fyrirkomulagið muni mest bitna á lífeyrissjóðum hinna ófagglærðu. „Þeir sjóðir hafa þegar orðið að skerða réttindi um allt að 20% vegna gríðarlega aukinnar örorkubyrði og það liggur fyrir að þeir munu fara mjög illa út úr þessari aðgerð. Þetta mun leiða til umtalsverðrar skerðingar réttinda hjá almennu sjóðunum, samhliða því að framlög til ríkis tryggðu sjóðanna verða bara aukin. Að auki munu útgjöld Tryggingastofnunar snarvaxa sökum minnkandi þátttöku lífeyrissjóðanna í örorkubyrðinni, þar sem æ fleiri munu lenda undir skerðingarmörkunum“, segir Guðmundur og bætir við að þessi skerðing muni vega þungt í komandi kjarasamningum.

## ÚH 25



ÍSLANDSSTOFA  
PROMOTE ICELAND

## Viltu ná árangri á erlendum markaði?

### Skráðu fyrirtækið þitt í ÚH 25

Útflutningsaukning og hagvöxtur (ÚH) er útflutningsverkefni sem er sniðið að þörfum fyrirtækja sem stefna að útflutningi, eða hafa þegar tekið fyrstu skrefin í þá átt. Verkefnið er nú haldið 25. árið í röð.

Auk þess að öðlast mikilvæga þekkingu á erlendra markaðssetningu njóta þátttakendur í ÚH aðstoðar sérfræðinga við mótun og gerð markaðs- og aðgerðaáætlunar fyrir sókn á erlendan markað. Unnið er tvo daga í senn í hverjum mánuði yfir sjö mánaða tímabil frá október 2014 til apríl 2015.

Undanfarin ár hefur verið mikil eftirspurn eftir þátttöku í ÚH, en að hámarki 10 fyrirtæki komast inn í verkefnið á hverju ári. Fyrri umsóknarfestur er þriðjudagurinn 7. Október, en fyrirtæki sem sækja um fyrir þann tíma njóta forgangs.

Kynntu þér málið á [www.islandsstofa.is](http://www.islandsstofa.is)

Íslandsstofa kemur til móts við fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins vegna ferðakostnaðar.



Íslandsstofa

Sundagarðar 2

104 Reykjavík

5114000

[islandsstofa.is](http://islandsstofa.is)

# Rauðir dagar

## 6.-10. október



Það eru Rauðir dagar hjá Íslandsbanka alla næstu viku þar sem við leggjum sérstaka áherslu á að kynna nýjungar í þjónustu sem létta þér lífið.

### Þú gætir unnið iPhone 6

Komdu í kaffi til okkar í Hafnarstrætinu og lærðu að nýta þér Íslandsbanka Appið. Allir sem nota Appið í október fara í pott og geta unnið iPhone 6.

Kynntu þér dagskrá og viðburði Rauðra daga á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

Fylgstu með okkur á Facebook:  
[facebook.com/Islandsbanki.Isafirdi](https://facebook.com/Islandsbanki.Isafirdi)

### Netbankinn: Kynning og kennsla fyrir eldri borgara

Fimmtudaginn 9. október kl. 14 bjóðum við eldri borgara sérstaklega velkomna til okkar í Hafnarstrætið í kaffiveitingar og kynningu á Netbankanum og Íslandsbanka Appinu.

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)    Netspjall   Sími 440 4000    Facebook





# Með mörg járn í eldinum

Helga Rakel Rafnsdóttir frá Hvílt í Öndarfirði er ötull kvikmyndagerðarmaður. Hún er sú eina sem hefur hlotnast sá heiður að vinna tvisvar til verðlauna á Skjaldborgarhátíðinni, annars vegar fyrir myndina Kjöt-borg og hins vegar fyrir Salome, en Helga Rakel er einn framleiðenda myndarinnar. Salome hlaut á dögunum verðlaun í flokki heimildamynda á kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama, en Salome er fyrsta íslenska myndin sem hlýtur þau verðlaun.

Salome fjallar um Yrsu sem er veflistakona og móðir Yrsu Fannberg leikstjóra myndarinnar. Hún var sex barna móðir og má segja

að einkennismerki hennar í veflistinni hafi verið að vefa úr þangi. Karakter Margrétar Vilhjálmsdóttur í kvikmyndinni Brúðguminn er einmitt byggður á henni. Helga Rakel og Yrsa voru saman í kvikmyndaskóla á Spáni en reka líka saman kvikmyndaframleiðendaskarala.

„Þetta er lágstemmd mynd, kostaði ekki mikla peninga en tók langan tíma,“ segir Helga Rakel í samtali við bb.is. „Myndin er um Salome veflistakonu, og samband hennar og dóttur hennar Yrsu. Myndin fjallar líka um samband þeirra sem leikstjóri og viðfangsefni og þá valdabaráttu sem verður þegar viðfangs-



Helga Rakel, Yrsa, og samskrifari myndarinnar Salome.

efnið vill hafa áhrif á kvikmyndagerðina.“ Salome verður sýnd í Bíó Paradís fljótlega og það er spurning hvort hún rati líka í bíó

á Ísafirði.

Kvikmyndahátíðin Nordisk Panorama er einnig vettvangur þar sem kvikmyndagerðarmenn

geta leitað eftir fjármagni fyrir myndir og selt aðrar sem eru nánast tilbúnar. „Við vorum líka að kynna myndina Keep Frozen á hátíðinni en hún fjallar um löndun,“ sagði Helga Rakel. „Það er aðeins einn sjóður á Íslandi sem kvikmyndagerðarmenn geta sótt í sem er ólíkt því sem gerist annars staðar, þar sem eru t.d. héraðssjóðir. Svo hef ég verið að vinna að Vestfjarðamynd í nokkurn tíma og get vonandi unnið enn frekar að henni fyrir vestan næsta sumar.“ Auk þessa kennir Helga Rakel við kvikmyndaskólann svo það er greinilega nóg að gera hjá kvikmyndagerðarkonunni. – sfg@bb.is

## Vill ekki að Elías komi nálægt kalkþörungaverkefninu

Soffía Vagnsdóttir, bæjarfulltrúi í Bolungarvík, vill að Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, komi ekki frekar að mögulegri komu kalkþörungaverksmiðju til bæjarins vegna hagsmunatengsla hans. Soffía vill að sett verði á stofn þriggja manna nefnd til að vinna að málinu fyrir hönd bæjarins og lagði fram bókun þess efnis á fundi bæjarráðs fyrir stuttu. Elías á hlut í fasteignafélagi sem á eignir gömlu loðnuverksmiðjunnar. Það er Íslenska kalkþörungafélagið sem hyggst reisa kalkþörungaverksmiðju í Bolungarvík í gömlu loðnuverksmiðjunni. Kaup tilbóði kalkþörungafélagsins í gömlu loðnuverksmiðjunni hefur verið tekið. Elías sagði á bæjar-

stjórnarfundinum, að alveg ljóst að það væru persónulegir hagsmunir hans að kalkþörungaverksmiðja kæmi til bæjarins.

Íslenska kalkþörungafélagið hefur leitað að kalkþörungum í Ísafjardardjúpi og Jökulfjörðum og er búist við að niðurstöður úr rannsóknum liggi fyrir um áramót. Stjórnendur fyrirtækisins binda miklar vonir við niðurstöður rannsókna. Í vor sagði Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Kalkþörungafélagsins, að þegar niðurstöðurnar lögju fyrir þá þyrfti að ganga frá námuleyfum og starfsleyfum og það komi til með að taka nokkur ár.

Íslenska kalkþörungafélagið var stofnað að frumkvæði At-



Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík.

vinnuþróunarfélags Vestfjarða árið 2001. Félagið stóð fyrir því að gerð var matsskýrsla á námi kalkþörungasetts í Arnarfirði. Þann 17. desember árið 2003 var skrifað undir vinnsluleyfi til

handa félaginu. Umhverfisáhrif vinnslunnar voru metin og niðurstöður rannsókna voru jákvæðar. Ein af forsendum umhverfismatsins og þar með leyfisins var að úrvinnsla kalkþörungasettsins

færi fram við Arnarfjörð og gert ráð fyrir að það yrði á Bíldudal. Sama ár tóku Írka fyrirtækið Celtic Sea Minerals Ltd. (75%) og Björgun ehf. (25%) við rekstrinum. – smari@bb.is

## Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 15. október

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikil úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



**Heyrnartækni**

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álftheimur 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is



## Léleg laxveiði við Djúp

Veiði er lokið í laxveiðiám við Ísafjardardjúp og var veiðin þar í takt við annað sem hefur verið í gangi í laxveiðinni á þessu ári. Smálaxinn hefur vantað í árnar í Ísafjardardjúpi í ár sem sést best á lokatölunum. Í heildina er veiðin aðeins um þriðjungur á við síðasta sumar sem var reyndar metsumar um nánast allt land. Að því er fram kemur á vefsíðu leigutaka ána, Lax-á, endaði

Langadalsá í 158 löxum en 457 laxar veiddust þar á síðasta ári. Veiðin þar hefur ekki verið lakari síðan 2003 en 150 laxar veiddust.

Í Hvannadalsá veiddust 68 laxar en þetta er líklega ein lélegasta skráða veiði í ánni. Lokatölur eru ekki komnar í Laugardalsá en í henni veiddust 404 laxar í fyrra. Líklegt er að veiðin þar endi í 130-140 löxum.

– bb@bb.is



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



# Gott verð í Bónus 2.-5. okt.



**398**  
kr. kg.

Íslenskir Tómatar pakkaðir



**398**  
kr. 550ml

Bónus Rjómi 550ml



**359**  
kr. 125g

Bónus Lambhagablanda 125g  
Verð áður 398 kr.



**298**  
kr. 250g

BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU/OLÍU



**259**  
kr. 250g

Íslenskir Sveppir 250g



Bónus Heilkornabrauð 770g



**1598**  
kr. kg.

Goða Sérvalið lambasaltkjöt 1.flokkur



**1185**  
kr. pokinn

Frosin ósoðin lifrarpylsa  
5 keppir = 2.38 kg.



**1498**  
kr. kg.



**1398**  
kr. kg.

Kjarnafæði Ferskt lambalæri af nýslátruðu



**594**  
kr. 4x1.5 ltr.



**1598**  
kr. 38 þvottar



**1343**  
kr. 90 þvottar

Finish Uppþvottavélatóflur 90 stk.



**1098**  
kr. kg.

Bónus Ferskar grisakótilettur



**659**  
kr. kg.

BÓNUS FERSKUR



**1995**  
kr. kg.

Bónus Ferskar kjúklingabringur



**1898**  
kr. kg.

Ferskur hálfur lambahryggur  
af nýslátruðu (lundarparturinn)



**295**  
kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambalifur



**295**  
kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambahjörtu

AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMTUDAGUR  
11:00-18:30

**BONUS EKKERT BRUÐL**



AFGREIÐSLUTÍMI  
FIMMTUDAGUR  
11:00-18:30



Hörður Andri Steingrímsson er ljóðskáld í Súðavík, sem flutti vestur fyrir tveimur árum ásamt Steinunni Ýr Einarsdóttur eigin-konu sinni og fjórum af fimm dætrum. Ein enn hefur bæst í hópinn síðan. Hörður er Sunn-lendingur en var þó ekki alveg ókunnugur Vestfjörðum, því að hann bjó eitt ár á Ísafirði laust fyrir tvítugt og stundaði þar nám við Menntaskólann. Eftir það langaði hann alltaf til að koma aftur. Ekki þurfti miklar fortölur gagnvart eiginkonunni þar sem hún ólst upp á Flateyri og deildi þessari rómantísku sýn að búa við hafið umkringd háum fjöllum og dulmagnaðri kyrrð.

„Það er eitthvað sérstakt við Vestfirði sem erfitt er að útskýra, einhvers konar mistök sem smýg-ur inn í sálina og veitir manni innblástur og sköpunarkraft,“ segir Hörður.

Þau hjónin starfa bæði sem kennarar í Súðavíkurskóla og stunda jafnframt nám við Há-skóla Íslands, Hörður í guðfræði og Steinunn í opinberri stjórnsýslu.

„Einn stærsti kosturinn við að búa í Súðavík er að hér hefur maður meiri tíma. Það fer nánast enginn tími í ferðalög, við búum í næsta húsi við skólann og getum rölt þangað öll saman að morgni og síðan eru krakkarnir að hlaupa fram og til baka í íþróttir og tón-listarnám. Við getum því hæg-lega sinnt náminu og öðrum hug-arefnum með vinnunni,“ segir hann. Þar á meðal er ritlistin, en Hörður var einmitt að gefa út ljóðabók með heitinu *Feyktumér stormur*.

### Fólk fór ekki til Reykja-víkur nema af illri nauðsyn

Aðspurður hvers vegna hann ákvað að fara til Ísafjarðar einn vetur á menntaskólaárunum segir Hörður:

„Ég hafði alltaf átt heima á Eyrarbakka, sem er pínulítill bær við suðurströndina, og lítið sem ekkert farið út fyrir sýsluna. Allar systur mömmu bjuggu í næsta nágrenni og komu reglulega í heimsókn, og amma kom í kaffi á hverjum degi.“

Arnheiður Björg Harðardóttir móðir Harðar ólst upp á Eyrarbakka og hefur búið þar alla tíð. Undanfarin ár hefur hún starfað sem stuðningsfulltrúi í skólanum þar. Steingrímur Ólason faðir hans er frá Nýjabæ í Sandvíkurhreppi, um tíu kílómetra frá Eyrarbakka. Hann var lengi á sjó en annaðist síðar um fjölskyldubúið þar sem voru svín, hross og sauð-fé. Í dag vinnur hann sem tré-smiður.

„Þetta var rólegt líf og snerist að mér fannst mikið um að hafa það huggulegt og borða saman. Það var lítið talað um eitthvað sem gerðist annars staðar í heim-inum. Mér leið svolítið eins og ég væri staddur í Hringadróttins-

sögu og byggi í Héraði meðal Hobbíta, enginn hafði nokkurn áhuga á að yfirgefa Suðurlandið sem var grænt og fagurt og ár voru full af silungi, hafið gjöfult af þorski. Reykjavík er aðeins fimmtíu kíló-metra í burtu en þangað fór ég sjaldan, fólk fór ekki þangað nema af illri nauðsyn og var iðu-lega talað um höfuðborgina sem borg óttans.“

### Þöddur og frosk-ur á kamrinum

„Ég var forvitinn og ævintýra-gjarn unglingur sem langaði að skoða heiminn. Þess vegna hætti ég í menntaskóla til að fara í kristilegan lýðháskóla sem var starfræktur í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð, á Bretlandseyjum og í Frakklandi. Mig þyrsti í einhver ævintýri og þetta virtist kærkom-ið frí frá viðburðalitlu bóknáminu í Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem ég var ekki mjög spenntur fyrir á þeim tíma. Eftir hálfger-t klausturlíf í Kirkjulækjarkoti, sem fór að mestu í að læra Gamla testamentið og halda bænastund-ir, dvaldi ég í nokkrar vikur í Wales þar sem mikill tími fór í að semja tónlist, ljóð, leikþætti og texta.

Þetta var í fyrsta skipti sem ég fór til útlanda. Fyrst gistum við í skátabúðum frá 1942 sem voru hvorki með kyndingu né almenni-legu salerni. Þetta var í október, svo það var kalt á næturnar. Það voru samt þöddur og froskur á kamrinum og sumar stelpurnar lágu grátandi mestalla nóttina í svefnpokunum sínum, gátu ekki sofið út af kuldanum og þurftu að halda í sér því þær þorðu ekki á kamarinn í myrkrinu út af þödd-unum. Eftir það fórum við á hótél sem bauð upp á egg og beikon í morgunmat og heit rúm.“

### Í gömlum kast-ala í Frakklandi

„Þarna úti kynntist ég hópi af brasilískum trúboðum, sem bjuggu saman í nokkurs konar kommúnu og spiluðu á trommur og dönsuðu afríska dansa á kvöldin. Það var ekki leiðinlegt að fá sér smá snún-ing með þeim, allir tóku þátt og slepptu sér í gleðinni, sungu og dönsuðu og spiluðu á alls konar hljóðfæri. Mig langaði mest til að vera eftir, læra með þeim ara-bísku og fara með þeim til Sádí-Arabíu eða hvert sem þeir voru að fara.

Ég fór þó með skólanum til Frakklands, þar sem ég dvaldi um tíma í gömlum kastala sem verið var að gera upp. Það var skógur og síki kringum kastalann. Mér fannst þetta skemmtilegt umhverfi og tilvalið að nýta dag-inn í að höggva eldivið og skella sér svo í ískalda sturtu, því þarna var ekkert heitt vatn. Franska sveitin var falleg en ég heimsótti líka nokkrar borgir, eins og Lille, var dálítinn tíma í Roubaix og

kíkti aðeins á París að sjálfsögðu.“

### Salem á Ísafirði

„Þegar þessu ferðalagi lauk var ég ekki tilbúinn að koma aftur heim og búa áfram á Eyrarbakka. Mér var boðið að vera með æsku-lýðsstarf í Hvítasunnukirkjunni Salem á Ísafirði og ég sló til án þess að hugsa mig um. Ég hafði aldrei komið vestur og tók bara svefnpokann minn og tösku með fatalörfum og hoppaði upp í næstu flugvél. Ég var átján ára gamall og lögum samkvæmt orð-inn fullveðja maður. Til að byrja með gisti ég í Salem, en þar er ágæt íbúð, og flutti síðan á heima-vist Menntaskólans um haustið. Ég skráði mig í skólann til að geta verið á heimavistinni, hafði engan annan stað til að búa á, en mætti auðvitað í tímana og stóð mig vel í náminu.“

Hörður segir að honum hafi líkað vel á Ísafirði. Veðráttan átti vel við hann, sérstaklega snjórinn og lognið, sem stundum speglaðist í Pollinum. Honum þótti líka merkileg upplifun að sjá ekki sólina koma upp yfir háveturinn. Í fyrstu tók hann ekki eftir því að sólin væri horfin. Það var bara dimmt, miklu svartara myrkur en fyrir sunnan. Þegar hann síðan fór eina helgina suður til Reykjavíkur var sólin það fyrsta sem hann tók eftir þegar hann steig út úr flugvélinni. Hon-um hálfbrá að sjá þetta gula ferlíki þarna á himninum, það var eins og að fá kalda vatnsgusu í and-litið. Eða rekast óvænt á gamlan vin, segir hann.

### Eiginkonan frá Flateyri

Steinunn Ýr eiginkona Harðar ólst eins og áður sagði upp á Flateyri, lengst af í Hafnarstræti 1, sem foreldrar hennar keyptu og gerðu upp. Foreldrar hennar eru Einar Harðarson, fyrrum kaupfélagsstjóri og eigandi fisk-vinnslunnar Önfirðings, og Ólöf Anna Ólafsdóttir, en fjölskyldan átti einnig og rak vídeóleiguna og sjoppuna Þjónustulundina í húsnæði þar sem Krían kom síð-ar. Félagskaup ráku þau um tíma ásamt öðrum, en fluttu svo til Úganda þegar Steinunn var ellefu ára gömul. Hún sá því aðeins meira af heiminum í uppvexti sínum en Hörður.

Þau Hörður og Steinunn eiga tíu ára brúðkaupsafmæli á kom-andi sumri. Þau hafa átt miklu barnaláni að fagna og eiga nú sex stúlkur. Ástbjört Viðja Harð-ardóttir er elst, fimmtán ára göm-ul, og býr hjá móður sinni í Vog-um á Vatnsleysuströnd, en Hörður átti hana áður en hann kynntist Steinunni. Dætur Harðar og hennar eru síðan Eva Steinunn sem er sjö ára, Arnheiður Anna sex ára, Elísabet Auðbjörg fimm ára, Jóhanna Sigríður þrígga ára og Móheiður María átta mánaða.

### Getur bara eignast stúlkur



„Nú eru bara strákarnir eftir,“ segir Hörður og glottir, svo ekki er gott að sjá hvort hann er að grínast eða segja satt. Hann segir að það sé allt ömmu sinni að kenna, eða þakka, að hann eigi bara stelpur.

„Ég heiti í höfuðið á Herði Jóhannssyni afa mínum, sem á fimm dætur. Þegar Viðja fæddist sagði amma mér að ég væri eins og afa minn, gæti bara eignast stúlkur. Ég harðneitaði því að sjálfsögðu og ætlaði sko að sýna henni að ég gæti líka eignast stráka. En það hefur ekki tekist, hún lagði þetta á mig.

Þegar sjötta barnið var á leið-inni bjóst ég allt eins við að það væri strákur, þá væri ég að minnsta kosti kominn fram úr afa mínum. En það varð líka stúlka. Maður hrekur ekki svo auðveld-lega orð ömmu gömlu. Hún virðist hafa haft lög að mæla.“

Hörður segir að hann hafi alltaf

langað til að eiga stóra fjölskyldu. Það sé eitthvað sem gefi lífinu gildi og hver dagur sé ævintýri.

„Stelpurnar eru góðar vinkonur þótt þær rífist stundum, eins og gengur, og það getur orðið mikið fjör þegar þeim dettur eitthvað í hug. Þær eru með heila hljómsveit ef þær langar að halda tón-leika í stofunni og stundum syngja þær hver sitt lagið allar í einu.

Það er alveg ótrúlegt hverju fimm litlar stelpur geta tekið upp á. Ég er viss um að þessar sögur eins og Emil í Kattholti, Lotta í Skarkalagötu og Lína langsokkur eru byggðar á alvöru börnum. Það er að minnsta kosti sjaldan dauður tími hjá okkur. Við höfum líka gaman af sögum, segjum margar sögur og erum sífellt að skapa okkar eigin,“ segir hann.

### Byrjaði að skrifa í grunnskóla





# ur bara eignast stúlkur

Hörður segist hafa lesið mikið þegar hann var að alast upp. Þó datt honum aldrei í hug að skrifa neitt fyrr en hann var beðinn um að semja ljóð í íslenskutíma. Þá var hann þrettán-fjórtán ára og skrifaði heila ljóðabók á einu kvöldi.

„Ég man að við áttum að skrifa eitt ljóð sem heimaverkefni og skila því til kennarans daginn eftir. Ég byrjaði á að skrifa eitt ljóð í stílabókina og fékk þá strax hugmynd að öðru, sem ég skrifaði líka, og hætti ekki fyrr en ég var kominn með um þrjátíu ljóð, að mig minnir. Það var dálítið yfirdrifið, en ég gat bara ekki hætt. Þetta kom bara af sjálfu sér og ég hafði ekki undan að skrifa þetta niður, kláraði bara stílabókina. Síðan þá hef ég stundum tekið svona tarnir, ekki skrifað neitt í dálítinn tíma en krotað eitthvað niður þess á milli.

Auðvitað hélt ég ekkert utan

um þetta, allt sem ég skrifaði endaði í ruslinu. Eftir að ég sá myndina The Doors fékk ég töluverðan innblástur frá Jim Morrison og fór að reyna að skrifa meira og geyma blöð hér og þar með einhverjum hugmyndum að ljóðum, sem ég síðan týndi líka eftir heiðarlega tilraun til að varðveita þau,“ segir Hörður.

Hann hefur síðan sýslað við þetta annað slagið og sótt námskeið í skapandi skrifum og ljóðagerð, bæði í Fjölbrautaskóla Suðurlands og Háskóla Íslands. Honum hefur líka gengið betur að varðveita skáldskapinn í seinni tíð og þakkar það stafrænni tækni og netinu. Sérstaklega Dropboxinu.

## Það er „inn“ að skrifa ljóð

Ljóðabókin *Feyktu mér stormur* hafði verið í Dropboxinu hans Harðar í nokkur ár áður en hann ákvað að gefa hana út núna í

sumar. Aðspurður hvers vegna einmitt núna, segir hann:

„Aðalástæðan er sú að bókin var ekki tilbúin fyrr. Það er líka gróska í útgáfu ljóða á Íslandi í dag og margir athyglisverðir höfundar hafa verið að stíga fram, eins og til dæmis Eva Rún Snorradóttir, sem nýverið gaf út ljóðabókina *Heimsendir fylgir þér alla ævi*, og Bjarki Karlsson, sem gaf út metsölubókina *Árleysi alda*. Það kom mörgum á óvart þegar sú bók komst á metsölulistann, en síðan þá hafa *wifi ljóðin* eftir Adolf Smára Unnarsson farið á toppinn á sölulista Íðunnar og *Ljóðasafn* Gerðar Kristnýjar var á metsölulista Eymundsson, svo eitthvað sé nefnt.

Vinsældir ljóða eru að aukast, ef marka má sölutölur bóka-verslana, og bóksalar segja að það sé „inn“ að kaupa ljóðabækur um þessar mundir,“ segir Hörður.

## Öflugt grasrótastarf

„Það má segja að þetta hafi verið ákveðinn innblástur. Líka það öfluga grasrótastarf sem hefur átt sér stað undanfarin ár og er forsenda öflugrar ljóðaútgáfu. Ljóð verða ekki bara til af sjálfu sér, hvað þá góð og skemmtileg ljóð sem fólk vill kaupa og lesa. Ég hef sótt innblástur frá Eiríki Erni Norðdahl, sem hættir ekki að gefa út ljóð þótt hann skrifi líka skáldsögur og vinni merkileg bókmenntaverðlaun. Ég hef sótt innblástur frá fólki sem tekur sig saman um að stofna ljóðaforlag eins og Meðgönguljóð, sem býður ljóðabækur á svipuðu verði og kaffibolli kostar á kaffihúsi.

Þetta er allt fólk sem kemur ljóðunum sínum á framfæri og það er ekki eftir neinu að bíða ef maður ætlar að gera það á annað borð. Ég tók einfalda meðvitaða ákvörðun um að þetta væri eitthvað sem ég ætlaði að leggja

fyrir mig og dreif í að koma bókinni út, því hún var næstum því tilbúin. Þetta hafði staðið til lengi og í rauninni legið á mér eins og mara. Mér fannst ég ekki getað gert neitt annað fyrr en ég væri búinn að koma þessu frá mér.“

## Feyktu mér stormur

„Titill bókarinnar *Feyktu mér stormur* er reyndar kominn frá Evu Steinunni dóttur minni. Við vorum einhvern tímann að keyra saman, öll fjölskyldan, og tala um ljóð og skáldskap. Ég var þá að leita að nafni á bókina og við köstuðum fram nokkrum hugmyndum. Eva er mikil leikkona og sagði af mikilli og dramatískri innlifun *Feyktu mér stormur!* og ætlaði eflaust að halda áfram og semja ljóð á staðnum.

Þetta festist strax í huganum og við ákváðum að nota þetta í titil á bókina. Eftir það varð bókin líka bókin hennar Evu og henni



finnst hún eiga stóran hluta í verk-inu.“

Hörður fékk aðstoð frá fleirum til að klára bókina, en handritið var að mestu tilbúið árið 2011.

„Ég ætlaði að gefa bókina út fyrir þremur árum og var búinn að senda hana í prentun. Ég var meira að segja búinn að skrá ritið í Bókatiðindi og það var ekkert eftir nema renna því í gegnum prentsmiðjuna. Þegar prufuein-takið kom var ég ekki alveg ánægður svo ég frestaði útgáfunni um óákveðinn tíma. Þá fékk ég Sigríði Unni listakonu og Unnar Gísla Sigurmundsson, betur þekktan sem tónlistarmanninn Júníus Meyvant, til að gera nýja kápu og endurhanna útlitið á bók-inni. Þau eru miklir listamenn á fleiri sviðum þótt Unnar Gísli hafi kannski vakið mesta athygli fyrir tónlistina undanfarið. Hann er frábær myndlistamaður líka og Sigga er góður ljósmyndari. Unnar tók samt myndina af Siggu, sem prýðir kápu bókar-innar, sem hún síðan vann og kláraði hönnunina.

Líka fékk ég nokkra vini til að lesa ljóðin aftur og endurskrifaði þau. Það varð til þess að ég tók mörg ljóð úr bókinni og einfald-aði handritið,“ segir Hörður, en ljóðin sem urðu eftir eru öll ort með óhefðbundnum hætti.

Bókinni er skipt í fjóra kafla og segir á baksíðunni að þeir myndi eins konar ferðalag. Að-spurður um nánari skýringar á því segir Hörður:

„Það er ástæða fyrir því hvern-ig bókin er sett upp. Hvert ljóð er ákveðin mynd og hluti af litlu púsluspili. Hver kaflí lýsir ákveð-nu hugarfari og bókin er ákveðin vegferð. Hugmyndin var að það yrði einhver söguþráður í gegn-um bókina, þroskasaga eða ferli ljóðmælandans sem lesandinn getur fylgt honum í gegnum. Ég vil ekki segja meira um það, hver

og einn verður að fá að ganga sinn veg og ekki víst að allir sem lesa bókina komist á sama stað eða að sömu niðurstöðu. Þetta gefur líka bókinni heildarmynd sem gerir hana skemmtilegri.“

Karolina Fund

Hörður ákvað að gefa bókina út sjálfur og fjármagna prentun-ina í gegnum Karolina Fund.

„Í rauninni hafði ég ekki efni á að láta prenta bókina og þurfti því að finna aðra leið. Karolina Fund virtist álitlegur kostur, en það er netsíða þar sem hægt er að safna áheitum fyrir verkefni sem þarfnast fjármögnunar. Ég lét gera myndband við eitt ljóðið í bókinni og skrifaði stuttan texta um sjálfan mig og skáldskapinn. Fólki bauðst síðan að „styrkja“ útgáfuna um ákveðna upphæð í gegnum netsíðuna og fá í staðinn eintak af bókinni þegar hún kæmi út. Það er að segja, ef fjármögnun næðist, annars fengi fólk endur-greitt og ekkert yrði af þessu.

Ég gaf verkefninu um mánuð í loftinu og var duglegur að reyna að fá fólk til að fara inn á síðuna og tryggja sér eintak af bókinni. Markmiðið var að safna 1000 evrum, sem dugði fyrir prentun á 200 bókum. Þegar ég var búinn að tala við alla sem ég þekkti, og fjölmarga aðra, þá vantaði ennþá helminginn upp á.

Tíminn var að renna út á mið-nætti og ég sá fram á að þetta myndi ekki takast. Eftir að hafa sent nokkur tölvubréf og skilaboð á Facebook og hringt í fólk sem hafði lofað að styrkja verkefnið en ekki enn látið verða af því, þá ákvað ég að sleppa tökunum og sætta mig við hvað sem gerðist. Ég vonaði samt innilega að þetta myndi ganga, því ég hafði lagt mikla vinnu í bókina og hefði þótt hræðilegt að fresta útgáfunni aftur.“



Allt getur gerst ef maður lætur á það reyna

„Ég sat heima í stofu og horfði á Söngvakeppni evrópskra sjón-varpsstöðva með öðru auganu en kíkti reglulega á síðu Karolina Fund til að fylgjast með hvort einhverjir styrkir dyttu inn. Það var samt vonlaust að ná þessu nema eitthvað stórkostlegt myndi gerast. Þegar ég var búinn að horfa á framlag Íslands í Euro-vision kíkti ég á netið og sá þá að einhver hafði styrkt verkefnið um 564 evrur, eða um 85 þúsund krónur.

Það var alveg ótrúlegt, ég hefði ekki orðið glaðari þótt Ísland hefði unnið söngvakeppnina. Þarna var einhver maður sem ég þekkti ekki neitt sem reddaði út-gáfunni með einni kortafærslu. Bókin hefði klárlega ekki komið út núna nema fyrir örlæti þessa manns, og þetta sannar bara að það getur allt gerst ef maður lætur

á það reyna.“

Góðar og óvæntar viðtökur

Hörður segir að bókina hafi fengið góðar viðtökur hjá lesend-um, en það hafi komið honum á óvart hversu misjafnan smekk fólk hefur á ljóðum.

„Margir hafa talað við mig um bókina og nefnt eitthvert sérstakt ljóð sem þeim þótti standa upp úr. Það er sjaldnast sama ljóðið og ekki endilega ljóð sem ég hélt að myndi ná til fólks. Jafnvel ljóð sem ég var á báðum áttum með að hafa í bókinni. Það finnst mér rosalega skemmtilegt og fær mig til að hugsa um alla þá sem hafa ekki ennþá gefið út ljóðin sín eða komið þeim á framfæri.

Það er greinilega áhugi fyrir ljóðlistinni á Vestfjörðum, marg-ir sem skrifa ljóð og geyma þau þar sem enginn sér. En það er líka til fullt af fólki sem myndi vilja lesa þau eða hlusta á þau

lesin upp. Fólk sem myndi finnst þau góð ef það fengi tækifæri til að njóta þeirra. Ég vil því hvetja alla til að koma ljóðunum sínum á framfæri, viðtökurnar gætu komið skemmtilega á óvart.“

Næst á dagskrá ...

Aðspurður hvort eitthvað fleira sé í pípunum segir Hörður að hann sé með annað ljóðahandrit í eldinum, sem kemur út á næsta ári ef Guð lofar. Einnig er hann að vinna að skáldsögu sem hann stefnir á að klára fyrir sumarið.

Næst á dagskrá er samt að bíða eftir snjónum, drekka í sig nátt-myrríð sem er svartara en annars staðar á landinu, gleyma sér í norðurljósunum og njóta þess að verða innlyksa í Súðavík þegar fyrsti vetrarbylurinn kíkir í heim-sókn. Þá finnst honum gaman að vera til og ljúft að hafa bók í hönd og kaffibolla.

– Hlynur Þór Magnússon.

Sælkerar vikunnar eru Guðrún Kristín Bjarnadóttir og Þórir Guðmundsson

Hvítlaukskjúklingur og Silvíukaka

Kjúklingur er í uppáhaldi á þessu heimili, hjá jafnt stórum sem smáum. Við höfðum leitað lengi af góðum heilsteiktum kjúklingi þangað til að við rák-umst á þessa uppskrift. Síðan er það hin vinsæla Silvíu kaka sem margar húsmæður kannast við en hún er hrikalega góð volg með mjólkurglasi og er oftast ekki bökuð við gott til-efni á okkar heimili. Njótið vel!

Hvítlauks kjúklingur

1 heill kjúklingur  
Slatti af nýmöluðum pipar og salti  
2-3 hvítlaucar, skipt í geira.  
75 gr smjör  
½ tsk þurrkað timjan  
Ofninn er hitaður í 190 °C.  
Kjúklingurinn er þerraður og

kryddaður að innan og utan með pipar og salti og síðan er 2-3 hvítlauksgeirum stungið inn í hann ásamt örlítilli smjörklípu. Næst er meira smjóri smurt á bringuna og lærin og restinni af smjörinu síðan smurt á eldfasta mótið og kjúklingurinn lagður í það. Þetta er síðan sett í ofninn í u.þ.b 30 mín en þá er afganginum af hvítlauknum dreift í eldfasta mótið ásamt timjani. Steikt í 30-40 mín í viðbót eða þangað til að kjúklingurinn er steiktur í gegn. Gott er að ausa yfir kjúklinginn safanum úr eldafasta mótinu á meðan hann steikist en þá verður kjúklingurinn extra mjúkur.

Silvíukaka

2 egg  
2 dl sykur

1 dl vatn  
2 dl hveiti  
2 tsk lyftiduft

Glassúr  
75 gr smjör  
1 dl sykur (eða flórsykur)  
2 tsk vanillussykur  
1 eggjarauða  
Kókosmjöl

Hitið ofninn í 175°. Hrærið egg og sykur saman þar til létt og ljóst. Bætið vatninu saman við og hrærið snögglega. Bætið hveiti og lyftidufti út í og hrærið þar til deigið verður slétt. Setjið deigið í smurt bökunarform og bakið í ca 30 mínútur.

Á meðan kakan er í ofninum er glassúrinn gerður. Bræðið smjórið í litlum potti við vægan



hita og hrærið sykri, vanillussykri og eggjarauðu saman við. Þegar kakan er tilbúin er glassúrinn breiddur yfir kökuna og kókos-mjöli stráð yfir.

Við skorum svo á vini okkar þau Ingibjörgu Elínu Magn-úsdóttur og Einar Birki Svein-björnsson að vera næstu sælkerar vikunnar.



Komdu til okkar á Núp,  
Edinborg eða Félagsheimili  
Bolungarvíkur eða við til þín

# Veisluþjónusta Núpsbræðra

Árshátíðir  
Þorrablot  
Brúðkaupsveislur  
Fermingarveislur  
Afmælisveislur  
Jólahlaðborð  
Villibráðaveislur  
Erfidrykkjur

Eða hvert annað sem tilefni er  
til að halda veislu

Við klæðskerasaumum  
veisluna fyrir þig

Sími: 456-8235 eða 895-8247  
[info@hotelnupur.is](mailto:info@hotelnupur.is)  
[hotelnupur.is](http://hotelnupur.is)





# „Þetta er undarlegur bransi“

Samkeppniseftirlitið hefur sektað Mjólkursamsöluna um 370 milljónir króna fyrir að hafa brotið samkeppnislög og beita til að mynda fyrirtækin Kú og Mjólk misnotkun. Misnotkunin felst í því að MS seldi smærri keppninautum hrámjólk á hærri verði en fyrirtækjum sem tengjast Mjólkursamsölnunni. MS og dótturfyrirtæki þess eru markaðsráðandi í framleiðslu og dreifingu á mjólkurafurðum. Þá er MS enn fremur kært fyrir að hafa stuðlað að sölu Mjólk til Kaupfélags Skagfirðinga árið 2009, en KS á 10% hlut í MS. Þegar Mjólkka sameinaðist Kaupfélagi Skagfirðinga ályktaði Samkeppniseftirlitið að það samræmdist ekki samkeppnislögum en skorti lagaheimild til að grípa til aðgerða, eins og segir á síðu Feykis. Á þeim tíma var Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri KS, varaformaður stjórnar MS.

Mjólkurvinnslan Arna í Bolungarvík hefur þurft að kaupa hrámjólkina á 17% hærri verði en MS fyrirtækin. Hálfðán Ósk-



arsson, mjólkurtækniþæðingur og einn eigenda Örnú segist undrandi á því að opinber nefnd líkt og verðlagsnefnd, væri styrkt af MS. Hlutverk verðlagsnefndar er að ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu. Nefndin starfar samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og

sölu á búvörum, en samkvæmt I kafla þeirra laga á hún „að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.“ Nefndin er skipuð sex mönnum en þar á meðal eru Pálmi Vilhjálmsson, sem einnig er framkvæmdastjóri framleiðslusviðs hjá Mjólkursamsölnunni, og Guðrún Sigur-

jónsdóttir sem situr í stjórn Auðhumlu. Auðhumla er svo aftur móðurfélag MS með 90,1% eignarhlut.

„Þetta er undarlegur bransi“, sagði Hálfðán. „Til dæmis kom kvörtun til verðlagsnefndar frá samkeppnisaðila og fulltrúa MS var falið að svara. Ég er undrandi á þessu og velti fyrir mér hver á

að hafa eftirlit með þessum nefndum og eins hvað fulltrúi ASÍ í nefndinni var eiginlega að gera.“ Þrátt fyrir allt er Hálfðán þó bjartsýnn á framhaldið hjá Örnú en fyrirtækið hyggst markaðssetja fetaost bráðlega, sem og nýja skyrttegund og jógúrt á næstu mánuðum.

– sfg@bb.is

## Selja afurðir um allt land

Fjölmargir landsmenn kjósa að kaupa landbúnaðarafurðir beint frá bænum og vera þannig vissir um uppruna matarins sem keyptur er. Þetta er m.a. hægt að gera í gegnum félagið Beint frá býli en tilgangur þess er að hvetja til heimavinnslu og sölu beint frá bændum sem og að vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers-

konar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Á Vestfjörðum eru átta bæir sem selja kjöt og aðrar afurðir beint til kaupenda. Um er að ræða býlin Húsavík við Steingrímsfjörð, Stað í Reykhólahreppi, Miðhús í Kollafirði, Háabakka í Bjarnarfirði, Brjánslæk í Vatnsfirði, Skálholt á Barðaströnd, Núp II í Dýrafirði og Gemlufall í Dýrafirði.

Á Gemlufalli búa hjónin Elsa María Thompson og Jón Skúlason. Þau selja bæði lambakjöt og handverk í gegnum Beint frá býli og gengur salan ágætlega að sögn Jóns. „Við erum búin að selja allt sem við ætlum að selja í haust, en það er heldur minna en í fyrra. Það er mikil vinna í kringum þetta. Við seljum heila en niðursagaða skrokka og kaup-

endur hafa verið um allt land. Svo erum við með handverk úr horni og beini og það er allt mögulegt sem er hægt að búa til úr því, bara allt sem hugurinn gírmist. Við notum bæði nauta- og kindabein og gerum til dæmis skartgrip og hárskraut og svo hafa oft verið pöntuð staup fyrir brúðkaup og annað. Við erum líka með borðbúnað, eða sköft á

hnífapör, tertuhnífa og fleira og þetta kemur mjög vel út. En þetta er meira svona hugarfóstr frekar en að hagnaðurinn sé mikill“, sagði Jón.

Neytendur gera sífellt meiri kröfur og að vita hvaðan afurðirnar koma. Beint frá býli reynir að koma til móts við þessar kröfur og framboðið frá vestfirskum bændum er töluvert. – sfg@bb.is

## Við borgum ekki segir Seðlabankinn

Nú er ljóst orðið að Már Guðmundsson Seðlabankastjóri muni sitja uppi með umtalsverðan málskostnað vegna málaferla við Seðlabanka Íslands, vinnuveitanda sinn. Fari menn fram með lögsókn fyrir dómstólum er við því að búast að tapi þeir málinu dæmist þeir til að greiða málskostnað sinn. Það er gömul saga og ný og ætti ekki að koma neinum á óvart. Már Seðlabankastjóri sætti sig ekki við að tapa kröfunni um hærri laun frá Seðlabankanum, enda sagði hann að forsætisráðherra, sem einnig mun hafa tilnefnt þáverandi formann stjórnar Seðlabanka Íslands, Láru Valgerði Júlíusdóttur, hafi lofað sér umtalsvert betri launum, en raun varð á. En forsætisráðherra stóð fyrir því að enginn opinber starfsmaður skyldi þiggja hærri laun en hann sjálfur. Hvort sá síðastnefndi hafði lofað Má einhverju, sem ekki var staðið við, verður sennilega aldrei vitað. Formaður bankaráðs, hæstaréttarlögmaður, sá ekkert athugasemdi við það að Már fengi málskostnaðinn endurgreiddan úr sjóðum bankans. Verður það að teljast óeðlilegt þar eð Hæstiréttur dæmdi hann til greiðslu þessa kostnaðar.

Gott og vel. Í ljós kom að formaðurinn tók ákvörðun um endurgreiðslu málskostnaðar upp á sitt eindæmi, sem segja mætti að væri einsdæmi. Við umfjöllun í núverandi bankaráði ákvað meirihluti þess að Már skyldi endurborga umrædda greiðslu Seðlabankans fyrir dæmdan málskostnað. Virtist þar vera um flokkspólitíska

afgreiðslu að ræða. Hvað sem ósönnuðum lofordum forsætisráðherra og samflokksmanns fyrrverandi formanns bankaráðs Seðlabanka líður var þó ljóst að æðsti dómstóll Íslands hafði kveðið upp sinn dóm. Formaður bankaráðs er ekki yfir Hæstarétt hafinn. Meirihlutinn sagði einfaldlega: „Við borgum ekki“. Gott og vel. Það sýnist eðlilegt. En hvað með samhengi hlutanna og álit lögfræðinga?

Nú er ljóst að þrátt fyrir dóm Hæstaréttar hafa forstjórar annarra ríkisfyrirtækja, meðal annars á Vestfjörðum, farið þá leið að fá lögfræðiálit sem dugði þeim sumum til að fá allt upp undir sex milljónir greiddar á sama tíma og forstöðumenn ríkisstofnana sem einnig heyra undir kjararáð fengu skerðinguna eina og biða nú niðurstöðu dómstóla um launin sín. Þótt sennilega hefði verið klókara hjá Má að fá „lögfræðiálit“ um hversu mikið umfram flugfreyjulaun hann skyldi fá greitt er ljóst að munur er mikill á „séra Jónum“ og öðrum Jónum er varðar skerðingu launa hjá ríkinu.

Í því ljósi verður skiljanlegt að sumir spyrji, af hverju má ég ekki líka? Fyrst og fremst er ljóst að fara þarf varlega þegar kemur að persónulegum skoðunum stjórnmalámanna varðandi laun embættismanna og annarra er sinna störfum fyrir ríkið. Það skyldi þó ekki vera að þeir sem fengu besta skerfinn með svokölluðu lögfræðiáliti hafi haft hann fyrir og því hafi Már spurt af hverju má ég ekki? En hver borgaði „lögfræðiáliti“?

### Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



# Fundarboð á sjóðfélagafund og aukaársfund Lífeyrissjóðs Vestfirðinga



LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA

## **Efni: Samrunasamningur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Gildis. Sjóðfélagafundur 29. október - aukaársfundur 9. desember.**

Stjórnir Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og Gildis-lífeyrissjóðs hafa undirritað samning um samruna sjóðanna sem taki gildi 1. janúar 2015. Gildi-lífeyrissjóður taki þá við öllum eignum og skuldbindingum Lsj. Vestfirðinga sem þá sameinist Gildi.

Samrunasamningur við Gildi-lífeyrissjóð er framhald af samþykktum tveggja undanfarandi ársfunda sjóðsins.

Sjóðfélagafundur verður haldinn hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga miðvikudaginn 29. október kl. 18.00 til þess að kynna samrunasamninginn. Á fundinum verður jafnframt kynnt staða sjóðsins miðað við 30. júní s.l.

Þá verður haldinn aukaársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga þriðjudaginn 9. desember kl. 17.00 þar sem samrunasamningurinn verður borinn undir fulltrúaráð sjóðsins til samþykktar, ásamt þeim breytingum á samþykktum sjóðsins sem eru nauðsynlegar vegna samrunans. Báðir fundirnir verða haldnir á Hótel Ísafirði og nánar auglýstir síðar.

**Fundirnir eru opnir öllum sjóðfélögum og lífeyrisþegum sem eru hvattir til að mæta.**

**Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.**

*Margrét J. Birkisdóttir formaður stjórnar*  
*Jón Grétar Kristjánsson*  
*Finnbogi Sveinbjörnsson*  
*Friðgerður Baldvinsdóttir*

**LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA**

Lífeyrissjóður Vestfirðinga • Hafnarstræti 9–13 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233 • Fax 456 4710



## Fimmtudagur 2. október

Föstudagur 3. október

l. 14:00 Swansea - Newcastle

kl. 14:00 Liverpool - WBA  
kl. 14:00 Leicester - Burnley  
kl. 14:00 Hull - Crystal Palace  
kl. 16:00 Rayo - Barcelona  
kl. 16:30 Aston V. - Man. City

Sunnudagur 5. október

kl. 11:00 Man. Utd - Everton  
kl. 13:00 Chelsea - Arsenal  
kl. 13:00 Tottenham - South.f.  
kl. 15:00 West Ham - QPR  
kl. 17:00 Espanyol - Real S  
kl. 19:00 Real M - Athletic B

**2. október 1992:** Brú yfir

Dýrafjörð var vígð. Hún er 120 metra löng. Leiðin milli Þingeyrar og Ísafjarðar stýttist þá um 13 kílómetra.

**3. október 1973:** Bresk her-  
skip fóru út úr 50 sjómílna  
fiskveiðilandhelginni, þar sem  
þau höfðu verið síðan 19.  
maí. Um miðjan október náð-  
ust samningar við Breta og  
voru þeir samþykktir á Alþingi  
13. nóvember sama ár.

**4. október 1984:** Verfall BSRB hófst. Það hafði víðtæk áhrif, m.a. lá skólahald niðri, strætisvagnar gengu ekki og útsendingar Ríkisútvarpsins féllu að mestu niður.

**5. október 1963:** Hljómar léku í fyrsta sinn opinberlega í Krossinum í Njarðvík.

**6. október 1980:** Jarðstöðin skyggnir í Mosfellsbæ var tekin í notkun. Þar með komst á fjarskiptasamband við önnur lönd um gervihnött.

**Horfur á föstudag:**


NV 18-23 m/s. Snjókoma eða  
slydda NV-til, en rigning við  
sjávarmál. Hiti 1-7 stig. Hæg-  
ari sunnanátt um kvöldið.

### Horfur á laugardag:

SA 5-10 m/s og þurrt og hiti  
2-8 stig að degi til.

### Horfur á sunnudag:

NA 10-15 m/s á Vestfjörðum  
og slydda á stöku stað.  
Áfram svalt í veðri.



## Hjólbarðapjónusta Smurpjónusta

## Smáviðgerðir

**Sindragötu 14 • 400 Ísafirði**  
**Sími 456 3501 • [www.bilaverid.is](http://www.bilaverid.is)**

Veislusalur fyrir allt að 100 manns.  
Eldið sjálf eða fáðu Muurikka veislu.  
Bókanir eru byrjaðar fyrir haustveislurnar.

Úlfur sími 897 6760  
Úlfar sími 864 0319





## Lausn á síðustu krossgátu

|              |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|--------------|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Jón Steingr. |   |   | A |   | E |   | Ó |   | Ó |   |
|              | B | A | R | N | I | Ð | ⇒ | V | E | X |
| H            | R | U | M | U | R |   |   | N | E | I |
|              | A | K | U | R |   | Á | O | R | K | A |
| Æ            | G | I | R | L | E | T | R | A |   | F |
| I            | Ð | N |   | A | M | E | N |   | B | B |
|              | ↓ |   | E | R | I | L |   | D | R | E |
| M            | E | R | G |   | L | J | Ó | Ð | A | R |
|              | R | E | N | G | L | A |   | Í | S | A |
|              | ↓ | N | A | R | A |   | Æ | R | A |   |
|              | A | N |   | O |   | Á | S | U |   | Á |
| E            | Ð | A | L | B | O | R | I | N | N | B |
|              | ↓ | G | A | B | B | A | R | N | A | R |
| Ó            | Þ | E | F |   | B | Æ |   | I |   | E |
|              | Á |   | G | E | I | R | Æ | F | V | I |
|              | ↘ | B | A | R | N | I | Ð | ↗ | Æ | Ð |
| G            | R | Ú | I | N | N | N | A | R | R | A |

## Sudoku prautir

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   |   | 8 |   | 7 |   |   |
|   |   |   |   | 5 | 4 |   |   | 3 |
| 5 |   |   |   |   | 2 | 9 |   |   |
|   |   |   | 4 |   |   | 2 | 3 |   |
|   | 9 |   | 5 |   | 6 |   | 1 |   |
|   |   |   |   |   | 7 |   |   |   |
|   |   | 2 | 1 |   | 5 |   |   |   |
|   | 5 | 4 |   | 7 |   |   |   |   |
|   |   |   | 6 | 2 |   |   | 5 | 9 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   | 9 | 3 |   |   |   |   |
|   |   | 4 |   |   | 2 |   | 9 | 8 |
|   | 5 | 9 |   |   | 4 |   |   |   |
|   |   | 7 | 2 |   | 8 |   |   |   |
| 5 |   |   | 6 |   |   | 9 |   |   |
|   |   | 8 |   | 5 |   | 6 | 7 |   |
| 2 | 9 | 1 | 5 |   |   | 8 | 3 |   |
|   | 6 |   |   |   |   |   |   |   |
| 4 | 8 | 5 |   | 2 | 9 |   | 6 | 7 |

## Viðir og 3X fengu sjávarútvegs-verðlaunin

3X Technology ásamt Skaganum fékk Íslensku sjávarútvegs-verðlaunin í flokknum framúrskarandi íslenskur framleiðandi. 3X og Skaginn eru systurfyrirtæki í eigu sama aðila. Verðlaunin fá fyrirtækin fyrir nýjungar í tækjabúnaði í skipum sem stuðla að bættum hráefnissæðum.

Bolvíski skipstjórinn Víðir Jónsson hlaut Íslensku sjávarútvegsverðlaunin í flokknum framúrskarandi fiskimaður. Víðir er skipstjóri á Kleifabergi RE og hefur fiskað fádæma vel á undanförunum árum. Þess má geta að stýrimaður á Kleifabergi er Skarphéðinn Gíslason frá Ísafirði.

## Dregur úr sölu áfengis á Ísafirði

Dregið hefur úr sölu áfengis hjá Vínubúð ÁTVR á Ísafirði frá áramótum um 0,7%. Á landinu öllu jókst salan hinsvegar um 2,7% á tímabilinu janúar til 31. ágúst síðastliðinn. Á tímabilinu frá janúar og fram í ágúst á þessu ári nam salan í Vínubúðinni á Ísafirði 182.500 lítrum samanborið við 183.800 lítra á sama tímabili í fyrra sem svarar til 0,7% minni sölu.

Á landinu öllu jókst salan um 2,7%. Að sögn Sigríðar Óskar Sigurðardóttur hjá Áfengis og tóbaksverslun ríkisins hafa þeir ekki tölur um tóbaksölu eftir landshlutum, eingöngu heildarsölu tóbaks á landinu.

## Ólöf Guðný nýr byggingarfulltrúi

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, frá Núpi í Dýrafirði, hefur verið ráðin byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar. Ólöf Guðný er arkitekt að mennt og með próf í hagnýtri fjölmiðlun frá Háskóla Íslands. Ólöf Guðný hefur setið á Alþingi sem varaþingmaður Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi. Hún var um skeið aðstoðarmaður Ólafs F. Magnússonar í borgarstjórn hans. Hún tekur við starfinu af Önnu Guðrínu Gylfadóttur.

## Nýir rekstraraðilar

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að ganga til samninga við Benedikt Sigurðsson í samvinnu við Guðmund og Sigurð Helgasyni um að veita Félagsheimili Bolungarvíkur forstöðu og sjá um veitingahluta starfseminnar. Guðmundur og Sigurður reka einnig veitingastaðinn Edinborg á Ísafirði og hótelið á Núpi í Dýrafirði. Fimm umsóknir bárust um starf forstöðumanns.

## Þjónustuauglýsingar

**JAKOB VALGEIR EHF**  
Grundarstíg 5  
415 Bolungarvík  
450 7700

**H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf**  
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

**HEKLUSALURINN**  
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

**Öll almenn húsmíði**

**Bolungavík**  
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði [www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)

**VERK VEST**

**ENDURSKOÐUN** Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910  
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

**BÍLAVERKSTÆÐI SB** **SMURSTÖÐ**  
SINDRAGÖTU 3  
SÍMI: 456-3033 **VARAHLUTAVERSLUN**  
**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR

**GÚTTÓ ehf**  
Sílfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is

**HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**  
- spálfrætt nýttung sjávarauðlinda



# ☆ Norður Tenerife

Afslöppun, sól, menning, búðir,  
skrúðgarðar, einn flottasti dýragarður  
í heimi, ekta spænskur matur og  
götustemning.

## Puerto de la Cruz

Beatriz Atlantic Spa ☆☆☆

FRÁ 149.600 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði.  
Brottför: 22. október — 8 nætur.



# ☆ Suður Tenerife



## Playa de las Americas

Hovima Jardin Caleta ☆☆☆

FRÁ 129.700 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi með  
morgunverði.  
Brottför: 4. janúar — 10 nætur.

*Skínandi verð  
á Tenerife og  
Kanarí í haust og  
vetur sjá nánar á  
sumarferðir.is*

SUMAR  FERÐIR  
...eru betri en aðrar